



Selfossi 30. apríl 2019

Fundargerð stjórnar

5. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2019, kl. 8.30 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönli, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins Auðunn Guðjónsson frá KPMG.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.30.

1. Ársreikningur 2018

Pétur og Auðunn kynntu ársreikning 2018. Umræða um einstaka liði. Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og undirritar reikninginn.

2. Lántaka 2019

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er nýkaupaliður kr. 25.000.000 og gert ráð fyrir lántökum til að fjármagna hann. Inni í þeim lið er kaup á nýjum tankbíl sem búið er að festa í Þýskalandi og undirbúningur vegna byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Pétur telur að miðað við fjárhagsstöðu BÁ að hægt sé að lækka lántökuna um 10 milljónir en standast samt sem áður nýkaupaliðinn og uppfyllt verði framkvæmdaáætlun ársins 2018 varðandi kaup á gróðureldabúnaði og ákveðins búnaðar vegna hafnarbjörgunarmála. Stjórn Brunavarna Árnessýslu samþykkir lántöku að upphæð kr. 15.000.000.- og felur slökkviliðsstjóra heimild til lántökkunnar.

3. Önnur mál

- a. Pétur sagði frá því að hann og Haukur eru á leiðinni í heimsókn til slökkviliðsins í Bergen í maí.
- b. Næsti fundur verður í september, fundartími verður boðaður síðar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9.40

Eypór H. Ólafsson
Gísli Halldór Halldórsson
Unna Björg Ögmundsdóttir

Halldóra Hjörleifsdóttir
Ingibjörg Harðardóttir
Pétur Pétursson
Sverrir Haukur Grönli